Lögfæring 2 23.6.'20

HAFNARFJÖRÐUR

# KAPLAKRIKI ÍÞRÓTTASVÆÐI FH, SKIPULAGSREITUR 3.2.3 - DEILISKIPULAGSBREYTING

## FLATAHRAUN, SKÚTAHRAUN, KAPLAKRIKI - BREYTT GATNAMÓT




FYRIR BREYTINGU - Í GILDI FRÁ 11.03.2014, MKV: 1:1000




EFTIR BREYTINGU, MKV: 1:1000



HLUTI AÐALSKIPULAGS HAFNARFJARÐAR 2013 - 2025

SKÝRINGAR

- Deiliskipulagsmörk
- Lóðamörk
- Gras
- Ný / betrumbætt gönguleið

### ALMENNT

Um er aðræða breytingu á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin er gerð á uppdrætti. Forsendur breytingarinnar er þörf á bættu umferðaröryggi og umferðarflæði við gatnamót Skútuhrauns, Flatahrauns við íþróttasvæði FH Kaplakrika.

### TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Breytingarnar eru í samræmi við gildandi aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013 -2025. Eitt af aðalmarkmiðum Hafnarfjarðar í samgöngumálum er að gæði umferðarkerfisins sem þjónustukerfi verði tryggt og að tryggðar verði samfelldar og öruggar samgönguleiðir fyrir akandi og gangandi vegfarendur.

Breytingarnar eru innan svæðis skilgreint í aðalskipulagi sem íþróttasvæði (ÍÞ2) og verslun og þjónusta (VÞ4). Engin skipulagsákvæði eru í gildandi aðalskipulagi um gatnamót Flatahrauns, Skútuhrauns og Kaplakrika.

### DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR Í GILDI

Deiliskipulagsbreytingin tekur aðeins til gatnamóta Skútuhrauns og Flatahrauns auk innkeyrslu á íþróttasvæði FH í Kaplakrika. Deiliskipulagið er hluti af deiliskipulagi fyrir Kaplakrika, íþróttasvæðis FH sem samþykkt var íbæjarstjórn Hafnarfjarðar 8. júní 2004, síðari tíma breytingar á skipulaginu eru;

- Bensínstöð við Flatahraun, samþykkt í bæjarstjórn 20. desember 2005.
- Bygging ný íþróttahúss og breyting á aðkomu og staðsetningu bílastæða, samþykkt í bæjarstjórn 31. nóvember 2006.
- Bílastæði, samþykkt í bæjarstjórn 3. júlí 2007.
- Deiliskipulag Kaplakrika, íþróttasvæði FH, samþykkt í bæjarstjórn 11. mars 2014.

### DEILISKIPULAGSBREYTING

Breytingin er gerð sem hluti af endurskoðun á leiðakerfi Strætó innan Hafnarfjarðar, breytingin á einnig að bæta umferðaröryggi og umferðarflæði á gatnamótum Flatahrauns, Skútahrauns og Kaplakrika með því að staðsetja hringtorg á gatnamótunum þar sem strætisvagnar geta tekið 180 gráðu snúningsbeygju. Breytingin bætir einnig aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda um gatnamótin en staðsetningar og merkingar þverana og gangbrauta hefur verið ábótavant.

### BREYTINGAR Á UPPDRÆTTI

- Götuþverun staðsett við Skútahraun til norðurs
- Gangbraut við Flatahraun til vesturs og austurs
- Upphækkuð gangbraut við aðkomu að Kaplakrika
- Hellulagðar miðeyjur við hringtorg til að aðskilja umferð frekar.
- Stærð hringtorgs miðast við snúningsbeygju Strætisvagna.
- Gönguleið betrumbætt norðan Flatarhrauns og breytt lega gönguleiðar sunnan Flatahrauns.

### BREYTINGAR Á TEXTA

- ~~Kvöð um gangandi umferð á lóð nr. 21 við Flatahraun.~~ ath. taka kvöð út af lóð, gangstéttin nái ekki inn á lóðina.
- Kvöð um gangandi umferð á lóð Kaplakrika við hringtorg

### UMHVERFISÁHRIF

Breytingin er talin hafa jákvæð áhrif á öryggi þar sem að breytingarnar hafa í för með sér lækkaðan umferðarhraða sem bætir umferðaröryggi fyrir gangandi, hjólandi og akandi umferð. Enn fremur eru göngu tengingar á mótum Flatahrauns og Skútahrauns bættar með gangbrautum á þremur hliðum gatnamótanna og gönguþverun yfir Skútahraun sem ekki hefur verið til staðar.

Breytingin er ekki talin hafa áhrif á aðra umhverfisþætti.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur málsmeðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í Skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar þann _____ 20__

f.h. Skipulags- og byggingarráðs þann _____ 20__

f.h. bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann _____ 20__

Tillaga var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__

KAPLAKRIKI ÍÞRÓTTASVÆÐI FH, SKIPULAGSREITUR 3.2.3 - DEILISKIPULAGSBREYTING

DEILISKIPULAGSBREYTING

FLATAHRAUN, SKÚTUHRAUN, KAPLAKRIKI - BREYTT GATNAMÓT

| | | |
|---|---|---|
| 1:1000 | A3 | 001 |
| 18.06.2020 | | GRJ |

EFLA VERKFRÆÐISTOFA